

Yfirborðsmerkingar – Ending og efnisnotkun

Arna Kristjánsdóttir og Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Miðlínur og kantlínur vega eru mikilvæg öryggisatriði. Þær sýna ökumönnum rétta staðsetningu ökutækisins á vegum og akreinum. Mikilvægt er að tryggja sýnileika yfirborðsmerkinga á vegum en hér á landi þarf að endurmerkja gott sem allar miðlínur vega á sumrin vegna lélegs sýnileika þeirra undan vetri. Umfang og kostnaður yfirborðsmerkinga fer vaxandi ár frá ári og er því rík ástæða til að skoða nánar hvaða þættir það eru sem hafa áhrif á þessa skömmu endingu hér á landi.

Markmið verkefnisins er að skoða áhrif ýmissa þátta á endingu mið- og kantlína út frá fyrirbyggjandi gögnum á endurskini vegmerkinga á nokkrum stöðum á Vesturlandi sem safnað var á árunum 2009 til 2015. Unnið var með endurskin, efnisþykkt og efnisgerð. Mælingarnar eru bornar saman við umferð, snjómokstur og ástand slitlags.

Niðurstöður verkefnisins staðfesta að ending yfirborðsmerkinga er léleg. Mælingarnar eru takmarkaðar en gefa enga síður sterka vísbendingu um að umferðarpungi hafi ekki afgerandi áhrif á endingu mið- og kantlína. Eins virðist fjöldi snjómokstursdaga ekki ráða hversu mikið endurskin mið- og kantlína minnkar heldur frekar hvort snjómokstur fari fram eða ekki.